

# Fjármála- og efnahagsráðuneytið

## Minnisblað

Viðtakandi: Fjárlaganefnd Alþingis  
Sendandi: Fjármála- og efnahagsráðherra  
Dagsetning: 17. desember 2021  
Málsnúmer: FJR21060087  
Bréfalykill: 3.1  
Jafnréttismat: Já

Efni: Tillögur að breytingum við 2. umræðu frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2022.

### Inngangur

- Mælt var fyrir frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2022 þann 2. desember. Frumvarpið er lagt fram óvenju seint og því ljóst að lítil tími er til stefnu til að Alþingi verði kleift að ljúka afgreiðslu frumvarpsins eftir jól ásamt tilheyrandi skjalavinnslu til birtingar á lögnum fyrir áramótin. Þá var mælt fyrir þátl. um fjármálastefnu árin 2022–2026 þann 7. desember sl., en samkvæmt lögum um opinber fjármál myndar stefnan ramma fyrir afkomu- og skuldaþróun hins opinbera sem er svo nánar útfærð í fjármálaáætlun og fjárlögum hvers árs.
- Í ljósi stefnumörkunar um að bæta afkomu ríkissjóðs á næsta ári í samræmi við fjármálastefnu fyrir árin 2022–2026, og að teknu tilliti til frekari útgjalda vegna veikleika, er ljóst að **lítið svigrúm er til þess að taka upp ný og aukin útgjöld eða veita ívilnanir á tekjuhlíð** án þess að það valdi marktækri röskun á þeim markmiðum, nema að þau verði að fullu fjármögðu innan fyrirbyggjandi ramma eða með nýrri tekjuöflun. Ríkisstjórnin hefur samþykkt þessi viðmið í umfjöllun sinni um tillögur að breytingum við 2. umræðu frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2022.
- Þá er **brýnt að ríkisfjármálin styðji við stöðugleika í hagkerfinu**. Með því að ríkissjóður vinni gegn fyrirséðri framleiðsluspennu árið 2022 með minni hallarekstri leggjast ríkisfjármálastefnan og peningastefnan á sömu árar, líkt og raunin hefur verið í faraldrinum. Vakin er athygli á umsögn Seðlabanka Íslands um fjárlagafrumvarpið dags. þann 10. desember. Þar kemur fram að Seðlabankinn telur brýnt að sýnt verði sem allra mest aðhald í ríkisfjármálum og að jafnvægi náist sem fyrst. Það myndi gera peningastefnunni auðveldara fyrir að varna þenslu og verðbólgu.
- Í álitserð fjármálaráðs um tillögu til þingsályktunar um fjármálastefnu fyrir árin 2022–2026, dags. 14. desember, kemur fram á bls. 18:

*[Nú þegar stefnir í þjóðhagslegt jafnvægi þá leggist grunngildi um stöðugleika og sjálfbærni á eitt. Mótvægisáðgerðirnar [v. COVID-19] voru í anda stöðugleika en voru íþyngjandi fyrir sjálfbærni. Nú þarf að rétta af undirliggjandi afkomu. Við það að draga úr sértækum áðgerðum vegna faraldursins leiðir það til minni framleiðsluspennu sem aftur styður við peningastefnuna. Áðgerðir sem stuðla að stöðugleika styðja nú einnig við sjálfbærni.*

- Í ljósi stefnumörkunar stjórnvalda um að bæta afkomu ríkissjóðs ár frá ári og spár um stöðu hagkerfisins á næsta ári er **mikilvægt að ákvarðanataka um afkomu ríkissjóðs árið 2022 hviki sem minnst frá þeirri stöðu sem kynnt hefur verið í fjárlagafrumvarpi**. Breytingar sem taldar væru vera marktækt frávik, en þar mætti miða við 0,5% af VLF, gætu haft neikvæð áhrif á trúverðugleika stjórnvalda og farið í bága við grunngildi laga um opinber fjármál um festu í áætlanagerð. Ráðherranefnd um ríkisfjármál hefur í umfjöllun sinni sett sér það **markmið að breyting á afkomu ríkissjóðs við 2. umræðu fjárlagafrumvarps verði í heild ekki umfram 10**

**ma.kr.** Er þá litið til þess að frávikið gagnvart afkomu ríkissjóðs verði vel innan við 0,5% af VLF en það ætti að draga úr líkum þess að það gefi tilefni til viðbragða í peningamálastefnunni. Einnig að eftir svo þungt áfall á ríkisfjármálin sem kórónuveirufaraldurinn hefur valdið verður óhjákvæmilegt að hægja á útgjaldavexti á næstu árum til að draga úr og stöðva hallarekstur ríkissjóðs.

## Undirbúningur tillagna til nefndarinnar við 2. umræðu frumvarps til fjárlaga árið 2022

- Við undirbúning tillagna til fjárlaganefndar hefur verið haft hliðsjón af eftirfarandi þáttum varðandi útgjaldaþróun ríkissjóðs:
  - Í fyrsta lagi hafa útgjöld ríkissjóðs aukist verulega á síðustu árum. Miðað við forsendur fjárlagafrumvarpsins er áætlað að frá 2017 til 2022 aukist rammasett útgjöld um 30% eða ríflega 220 ma.kr. að raunvirði (sjá nánar í **viðauka 1**).
  - Í öðru lagi þá er bent á að ráðuneytin hafa svigrúm til þess að mæta afmörkuðum verkefnum eða útgjaldaauka á næsta ári með nýtingu á varasjóði málaflokka. Uppsöfnuð heimild fyrri ára sem líklegt er að verði færð til ársins 2022 nemur um 2,5 ma.kr. Þá er í fjárlagafrumvarpi ársins 2022 gert ráð fyrir nýjum heimildum á varasjóði málaflokka sem nema rúmlega 1,3 ma.kr. Samtals eru því um 3,9 ma.kr. á varasjóði málaflokka sem hægt verður að nýta á næsta ári til þess að mæta útgjöldum (sjá nánar í **viðauka 2**).
- Þá var aðhaldskröfu stillt í hof í forsendum fjárlaga fyrir árið 2022 þrátt fyrir mikinn halla. Gerð er 2% almenn aðhaldskrafa til málaflokka fyrir utan tiltekna liði sem tíðkast hefur að undanskilja. Aðhaldsmarkmið í rekstri heilbrigðis- og öldrunarstofnana og skóla er þó til muna lægra, eða 0,5%. Engin aðhaldskrafa er sett á bótakerfi almannatrygginga og atvinnuleysis, sjúkratrygginga og dómstóla.
- Útgjaldahlið ríkissjóðs skv. fjárlagafrumvarpi ársins 2022 er í meginatriðum í samræmi við fjármálaáætlunina sl. vor, að viðbættum breytingum til þess að mæta tilteknum og afmörkuðum umframútgjöldum og fjármagna brýn mál sem fram hafa komið frá vinnslu fjármálaáætlunarinnar og samþykkt hafa verið í ríkisstjórn.
- Eftir framlagningu á frumvarpinu hafa komið fram nokkrir frekari veikleikar í áætlanagerðinni. Þá er gert ráð fyrir afmörkuðum málum sem leiða af stjórnarsáttmála og talið er að koma þurfi til framkvæmda þegar á árinu 2022. Loks er gert ráð fyrir tæknilegum málum, s.s. breytingum á hagrænni skiptingu og millifærslum sem ekki fela í sér aukin útgjöld.

## Útgjaldatillögur við 2. umræðu frumvarps til fjárlaga árið 2022


- Samtals er gert ráð fyrir 13,1 ma.kr. hækkun fjárheimilda málefnasviða og nema heildarútgjöld þá 1.216,4 ma.kr. sem er 1,1% hækkun frá frumvarpinu. Í fylgiskjöllum má finna yfirlit yfir breytingar eftir málefnasviðum ásamt yfirliti yfir bundin útgjaldatilfni og millifærslur á milli málefnasviða.

<u>Rekstrargrunnur, m.kr.</u>	<u>Frumvarp 2022 2. umr.</u>
<b>Frumvarp til fjárlaga ársins 2022</b> .....	<b>1.203.527,6</b>
Tillögur við 2. umræðu .....	13.146,7
<b>Heildarútgjöld málefnasviða</b> .....	<b>1.216.674,3</b>

- Helstu útgjaldatilfni sem nefna má er 3,4 ma.kr. hækkun á áætlun vegna átaksins Hefjum störf, 1,6 ma.kr. hækkun á áætlun fæðingarorlofsjóðs vegna fjölda fæðinga og aukinnar fæðingarorlofstöku feðra, 1,3 ma.kr. hækkun á áætlunum útgjöldum vegna endurgreiðslna vegna rannsóknar- og

þróunarkostnaðar. Þá má nefna að gert er ráð fyrir 1,2 ma.kr. hækkun vegna betri vinnutíma vaktavinnufólks og 1 ma.kr. hækkun til að styrkja rekstrargrunn hjúkrunarheimila ásamt 1 ma.kr. til stuðnings rekstraradilum í veitingaþjónustu.

- Jafnframt er gert ráð fyrir 1,9 ma.kr. hækkun vegna innleiðingar markaðsleigu hjá Háskóla Íslands en þar er gert ráð fyrir samsvarandi vaxtatekjum til ríkissjóðs á móti þannig að aðgerðin hefur ekki áhrif á afkomu ríkissjóðs. Gert er ráð fyrir að fella niður fjárheimildir vegna fjárfestingarsjóðsins Kríu. Um er að ræða reikningshaldslega leiðréttingu og gert ráð fyrir að fjárfestingar vegna Kríu fari í þess stað í gegnum sjóðstreymi. Á meðfylgjandi mynd má sjá skiptingu aukinna útgjalda eftir málefnasviðum.



- Meiri hluti tillagna sem gert er ráð fyrir að verði lagðar fram við 2. umræðu hafa verið metnar með aðferðum kynjaðrar fjárlagagerðar. Sé litið til umfangs er stærsti hluti tillagnanna talinn viðhalda óbreyttu ástandi og þar eru umfangsmestar tillögur um framlag vegna ráðningarstyrkja sem falla til á árinu 2022 og aukin fjárheimild í endurgreiðslur rannsóknar- og þróunarkostnaðar vegna uppfærðrar áætlunar á útgjöldum ársins. Stór hluti er talinn stuðla að auknu jafnrétti kynjanna en umfangsmestu tillögurnar eru vegna framlags til fæðingarorlofssjóðs, aukið fjármagn vegna betri vinnutíma í vaktavinnu á hjúkrunarheimilum og styrkingar rekstrargrunns hjúkrunarheimila (sjá nánar í viðauka 3).

## Tekjutillögur við 2. umræðu frumvarps til fjárlaga árið 2022

- Frumvarp til fjárlaga árið 2022 gerir ráð fyrir að heildartekjur ríkissjóðs árið 2022 verði um 955 ma.kr. eða 26,8% af VLF. Breytingar á tekjuhlíð við 2. umræðu afmarkast af eftirfarandi þáttum:
  - Tekjur lækka um tæplega 0,7 ma.kr. vegna niðurfellingar á gistináttagjaldi sem gert er ráð fyrir í frumvarpi um breytingar á ýmsum lögum vegna fjárlaga 2022 (þingskjal 3).
  - Þá er gert ráð fyrir um 2 ma.kr. hækkun vaxtatekna vegna greiðslna frá nýju félagi um fasteignir Háskóla Íslands, en þessar vaxtatekjur vega á móti samsvarandi breytingu á útgjöldum vegna framlaga til félagsins sem lögð er til við 2. umræðu og hafa því ekki áhrif á afkomu. Til viðbótar er gert ráð fyrir hækkun á stimpilgjöldum vegna viðskipta með fasteignir í tengslum við framangreindar breytingar um 0,4 ma.kr.
  - Áætluð veiðigjöld hækka um 1,3 ma.kr. Breytingin kemur til vegna uppfærslu á útreikningi veiðigjalds og er í samræmi við tillögur Skattsins um álagningu veiðigjalda og uppfærða spá um heildarafla ársins 2022.
  - Tekjur af jöfnunargjaldi vegna dreifingar raforku hækka um 0,2 ma.kr.
- Samtals er því gert ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs árið 2022 verði 959 ma.kr. eða 26,9% af VLF að meðtöldum ofangreindum breytingum.

## Afkomu- og skuldahorfur ríkissjóðs 2022

- Fjárlagafrumvarp ársins 2022 gerir ráð fyrir að um 169 ma.kr. halli verði á rekstri ríkissjóðs eða 4,7% af VLF. Miðað við framangreindar breytingar við 2. umræðu frumvarpsins er gert ráð fyrir að afkoma ríkissjóðs versni um 9,9 ma.kr. þannig að hallinn aukist í um 178 ma.kr. eða 5,0% af VLF árið 2022.

Þjóðhagsgrunnur	ma.kr.			% af VLF		
	Frumvarp 2022	2. umr. br.	br.	Frumvarp 2022	2. umr. br.	br.
Frumtekjur .....	945,0	946,2	1,3	26,5	26,5	0,0
Frumgjöld .....	1.056,7	1.069,8	13,1	29,6	30,0	0,4
Frumjöfnuður .....	-111,7	-123,6	-11,9	-3,1	-3,5	-0,3
Vaxtakejur .....	10,5	12,4	1,9	0,3	0,3	0,1
Vaxtagjöld .....	67,3	67,3	0,0	1,9	1,9	0,0
Vaxtajöfnuður .....	-56,8	-54,9	1,9	-1,6	-1,5	0,1
Heildartekjur .....	955,4	958,7	3,2	26,8	26,9	0,1
Heildargjöld .....	1.124,0	1.137,1	13,1	31,5	31,9	0,4
Heildarjöfnuður .....	-168,5	-178,5	-9,9	-4,7	-5,0	-0,3
Skuldir skv. skuldareglu <sup>1</sup> .....	1.200,6	1.212,4	11,8	33,7	34,0	0,3

<sup>1</sup> Heildarskuldir, að frátöldum lífeyrisskuldbindingum og viðskiptaskuldum og að fráðregnum sjóðum og bankainnstæðum, sbr. 7. gr. laga nr. 123/2015, um opinber fjármál.

- Uppfærðar afkomuhorfur ársins 2022 eru innan þeirra marka sem lagðar eru til í þátl. um fjármálastefnu fyrir árin 2022-2026 sbr. þingskjal 2 á 152. löggjafarþingi, sem gerir ráð fyrir að hámarkshalli ríkissjóðs árið 2022 verði 5,5% af VLF.
- Framangreind afkomubreyting hefur samsvarandi áhrif á skuldahorfur ríkissjóðs. Í fjárlagafrumvarpi ársins 2022 var gert ráð fyrir að skuldir ríkissjóðs skv. skuldareglu laga um opinber fjármál verði um 33,7% af VLF í árslok 2022. Til viðbótar framangreindum breytingum á afkomu ríkissjóðs bætast við breytingar á sjóðstreymi ríkissjóðs vegna fjárfestinga Kríu og lán til Fasteigna Háskóla Íslands ehf., einkum v. endurbóta á Hagatorgi 1. Þannig er við 2. umræðu horfur um að skuldir verði um 12 ma.kr. hærri en samkvæmt frumvarpinu og nemi 34% af VLF í árslok 2022 og verði því nálægt hámarki skulda sbr. þátl. um fjármálastefnu árin 2022-2026. **Gæta þarf að markmiði um hámark skulda samkvæmt þátl. um fjármálastefnu árin 2022-2026 í áframhaldandi umfjöllun um frumvarpið.**

## Breyting á heimildaákvæði

- Gerð er tillaga um breytingu á 5. gr. við 2. umræðu fjárlagafrumvarps 2022:
  11. Að endurlána allt að 3.500 m.kr. til Fasteigna Háskóla Íslands ehf., sem er fasteignafélag í eigu ríkissjóðs sem fer með eignarhald og umsýslu á þeim fasteignum sem Háskóli Íslands nýtir í starfsemi sinni.
- Breytingin er vegna eignaumsýslu Fasteigna Háskóla Íslands ehf. sem komið var á fót af hálfu ríkissjóðs til að fara með eignarhald og miðlæga umsýslu á þeim fasteignum sem Háskóli Íslands nýtir í starfsemi sinni. Lánaheimildarinnar er aflað til að félagið geti fjármagnað endurbætur á fasteignum sem ríkið færði til félagsins og staðið undir kostnaði vegna yfirfærslu eigna til félagsins frá ríkissjóði. Einkum er gert ráð fyrir að fjárhæðin verði nýtt til endurbóta á Hagatorgi 1 sem tekin verður undir starfsemi menntavísindasviðs Háskóla Íslands. Þar af er gert ráð fyrir að dregið verði á lánið að hámarki 1,5 ma.kr. á árinu 2022 og afgangur dreifist yfir árin 2023-2024. Einnig mun lánaheimildin standa undir kostnaði vegna stimpilgjalda og annars kostnaðar við yfirfærslu eignasafnsins til félagsins en sá kostnaður er áætlaður um 400 m.kr. sem munu renna aftur í ríkissjóð við þinglýsingu. Fasteignafélagið er að öðru leyti á grundvelli lánsamning við ríkissjóðs sem veitt var við flutning fasteigna til félagsins. Leigutekjur félagsins standa straum af öllum fjármagnskostnaði þeirra lána.

**Fylgiskjal 1:** Sundurliðun á tekjuáætlun ríkissjóðs 2022

**Fylgiskjal 2:** Málefнасvið – breyting fjárheimilda

**Fylgiskjal 3:** Málefнасvið og málaflokkar – breytingar


**Fylgiskjal 4:** Millifærslur og hagræn skipting

## Viðauki 1: Raunvöxtur útgjalda frá 2017

Áætlað er að frá 2017 til 2022 aukist rammasett útgjöld um 30% eða ríflega 220 ma.kr. að raunvirði miðað við fjárlagafrumvarp ársins 2022.

### Þróun rammasettra útgjalda ríkissjóðs

Þróun málefna sviða á árunum 2017 - 2022, vísitala neysluverðs



Hlutfallsleg aukning hefur orðið mest í framlögum til **nýsköpunar, rannsókna og þekkingargreina** en þau hafa aukist um 96% á tímabilinu. Þar munar mest um stórukin framlög 2021 þar sem framlög til málaflokksins voru aukin um rúmlega 9 ma.kr. Var sú hækkun liður í mótvægisáðgerðum stjórnvalda vegna veirufaraldursins þar sem sérstök áhersla var á uppbyggingu í gegnum nýsköpun. Framlög voru aukin til fjárfestingar í sprotafyrirtækjum ásamt því sem endurgreiðsluhlutfall og fjárhæðarþak til fyrirtækja vegna rannsókna og þróunar voru hækkuð. Framlög til **umhverfismála** hafa aukist um tæp 45% frá 2017 eða um 7,6 ma.kr., en þar munar mest um verkefni tengd loftslagsmálum og áðgerðum til að tryggja verndun náttúrufarslegra verðmæta og sjálfbæra nýtingu auðlinda. Frá 2017 hafa framlög til **samgöngu- og fjarskiptamála** aukist um meira en fjórðung eða tæplega 11 ma.kr. Þar munar mest um aukningu vegna átaks í samgönguframkvæmdum á árunum 2019–2021 þar sem samtals 16,5 ma.kr. var bætt í samgönguframkvæmdir. Þá jukust framlög jafnframt verulega 2021 þar sem framlög til málefna sviðsins jukust um tæpa 11 ma.kr. frá fyrra ári. Sú aukning er að mestu tilkomin vegna fjárfestingar- og uppbyggingarátaks á árunum 2021–2023 sem er hluti af efnahagsáðgerðum stjórnvalda vegna kórónuveirufaraldursins.

Í krónum talið hefur mest aukning orðið í framlögum til **heilbrigðismála og félags-, húsnæðis- og tryggingamála**. Útgjöld til þessara málaflokka hafa hækkað samtals um tæpa 139 ma.kr. eða um þriðjung frá 2017. Hátt í 60% fjárveitinga frumvarpsins renna til þessara málaflokka. Meðal helstu verkefna innan heilbrigðisþjónustu sem lögð hefur verið áhersla á er bygging nýs Landspítala og uppbygging nýrra hjúkrunarrýma. Þá hafa framlög til sjúkratrygginga verið aukin, m.a. vegna upptöku nýrra lyfja, sérfræðiþjónustu og sjúkra-, tal-, og iðjuþjálfunar, auk þess sem lögð hefur verið áhersla á stórukin gedheilbrigðisþjónustu. Þá hefur auknu fjármagni verið varið til þess að draga úr greiðsluþátttöku sjúklinga. Framlög til **málefna aldraðra og öryrkja** hafa aukist um 42,9 ma.kr. á tímabilinu. Það skýrist m.a. af því að bætur almannatrygginga hafa hækkað að raunvirði, lífeyrisþegum hefur fjölgað og framlög hafa verið hækkuð í þeim tilgangi að bæta kjör lífeyrisþega.

Frá 2017 hafa útgjöld ríkissjóðs vegna **mennta- og menningarmála** aukist um 9,9% eða sem nemur 10,5 ma.kr. Þessa hækkun má m.a. rekja til þess að framlög hafa aukist til að mæta nemendafjölgun vegna veirufaraldursins, bæði í framhalds- og háskólum. Framlög til annarra málefna sviða hafa samanlagt hækkað um 39,7 ma.kr. á tímabilinu. Þar vega þyngst framlög til málefna sviðs 05 Skatta-, eigna og fjármálaumsýsla sem hafa verið stórukin vegna verkefnisins Stafrænt Ísland og annarra upplýsingatækniverkefna, m.a. í tengslum við fjárfestingar- og uppbyggingaráttak stjórnvalda 2021–2023.

## Viðauki 2: Yfirlit yfir varasjóði málaflokka

Í fjárlögum fyrir árið 2021 voru fjárheimildir varasjóða málaflokka samtals 1.218 m.kr., en til viðbótar voru 1.579 m.kr fluttar frá fyrra ári. Óráðstöfuð stada varasjóða málaflokka þann 15. desember er 2.533 m.kr., en þá hefur verið tekið tillit til millifærslna úr sjöðunum fyrir samtals 264 m.kr. innan ársins. Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2022 nemur heildarumfang varasjóða málaflokka 1.344 m.kr. Að viðbættum heimildum sem líklegt er að flytjist milli ára nemur heildarumfang heimilda varasjóða málaflokka 3.878 m.kr. sem hægt er að nýta á næsta ári.

Meðfylgjandi töflur sýna dreifingu varasjóða málaflokka eftir málefnasviðum annars vegar og ráðuneytum hins vegar.

Málefnasvið Rekstrargrunnur, m.kr.	Flutt frá 2020	Ný Heimild 2021	Nýting 2021 (15. des.)	Flutt til 2022	Ný Heimild 2022	Uppsöfnuð heimild 2022
02 Dómstólar .....	45	37	0	82	7	89
04 Utanríkismál .....	0	111	0	111	113	224
05 Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla .....	425	155	0	580	156	736
07 Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar .....	69	0	0	69	0	69
09 Almanna- og réttaröryggi .....	46	107	-58	95	107	203
10 Rétt. einstakl., trúmál og stjórnýsla dómsmála .....	0	0	0	0	11	11
11 Samgöngu- og fjarskiptamál .....	21	212	-151	82	221	303
13 Sjávarútvegur og fiskeldi .....	43	33	0	76	22	98
16 Markaðseftirlit, neytendamál og stj.sýsla atv.mála .....	8	3	0	11	3	13
17 Umhverfismál .....	112	34	0	146	35	181
18 Menning, listir, iþróttar- og æskulýðsmál .....	183	11	-55	139	11	150
20 Framhaldsskólastig .....	39	50	0	89	52	141
21 Háskólastig .....	233	113	0	346	137	482
22 Önnur skólastig og stjórnýsla mennta- og menn.mála .....	23	2	0	25	2	27
23 Sjúkrahúsbjónusta .....	0	204	0	204	212	416
24 Heilbrigðisþjónusta utan sjúkrahúsa .....	9	62	0	71	63	134
25 Hjúkrunar- og endurhæfingarþjónusta .....	42	11	0	53	11	64
29 Fjölskyldumál .....	135	39	0	174	172	346
30 Vinnumarkaður og atvinnuleysi .....	0	2	0	2	2	4
32 Lýðheilsa og stjórnýsla velferðarmála .....	145	34	0	179	9	187
<b>Samtals .....</b>	<b>1.579</b>	<b>1.218</b>	<b>-264</b>	<b>2.533</b>	<b>1.344</b>	<b>3.878</b>

Ráðuneyti Rekstrargrunnur, m.kr.	Flutt frá 2020	Ný Heimild 2021	Nýting 2021 (15. des.)	Flutt til 2022	Ný Heimild 2022	Uppsöfnuð heimild 2022
02 Mennta- og menningarmálaráðuneyti .....	547	175	-55	667	201	869
03 Utanríkisráðuneyti .....	0	111	0	111	113	224
04 Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti .....	51	36	0	87	25	112
06 Dómsmálaráðuneyti .....	91	144	-58	178	125	302
07 Félagsmálaráðuneyti .....	95	59	0	154	166	320
08 Heilbrigðisráðuneyti .....	236	293	0	529	302	831
09 Fjármála- og efnahagsráðuneyti .....	425	155	0	580	156	736
10 Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti .....	21	212	-151	82	221	303
14 Umhverfis- og auðlindaráðuneyti .....	112	34	0	146	35	181
<b>Samtals .....</b>	<b>1.579</b>	<b>1.218</b>	<b>-264</b>	<b>2.533</b>	<b>1.344</b>	<b>3.878</b>

### Viðauki 3: Mat á áhrifum útgjaldatillagna á jafnrétti kynjanna

Lagt var mat á áhrif meiri hluta tillagna við 2. umræðu fjárlagafrumvarps ársins 2022 á jafnrétti kynjanna með aðferðum kynjaðrar fjárlagagerðar.

Sé litið til umfangs er stærsti hluti tillagnanna talinn **viðhalda óbreyttu ástandi**. Þar eru umfangsmest tillaga um framlag vegna ráðningarstyrkja sem falla til á árinu 2022 en skráð atvinnuleysi hefur verið tiltölulega jafnt milli kynja og kynjaskipting þeirra sem nýtt hafa úrræðið *Hefjum störf* hefur verið í samræmi við kynjahlutfall atvinnuleitenda. Aukin fjárheimild í endurgreiðslur rannsóknar- og þróunarkostnaðar er talin viðhalda óbreyttu ástandi þar sem um er að ræða uppfærða áætlun á útgjöldum ársins fremur en breytingu á ívilnuninni en þar er staða kynjanna þó ójöfn og hallar á konur. Flest fyrirtæki sem fengið hafa skattafrádrátt á árinu 2021 starfa í atvinnugreinum þar sem karlar eru í meiri hluta starfandi og karlar eru verkefnisstjórar að baki þremur af hverjum fjórum umsóknum. Þá má einnig nefna tillögu um viðbótarfjárveitingu til almennrar sjúkrahúspjónustu vegna ófyrirséðs kostnaðar vegna heimsfaraldurs. Þjónustan er talin nýtast sjúklingum af öllum kynjum en áréttað er mikilvægi þess að meta þurfi áhrif heimsfaraldursins á jafnrétti kynjanna. Loks má einnig nefna kostnað sem leiðir af fjölgun ráðherra og aðstoðarmanna. Fjölgunin hefur út af fyrir sig ekki kynjaáhrif, heldur er það ákvörðunin um hver skipa stöðurnar sem hefur þar áhrif. Eins og ríkisstjórnin var skipuð þann 28. nóvember sl. eru karlar í meirihluta. Skipan aðstoðarmanna liggur ekki fyrir að fullu.

Stór hluti tillagna er talinn **stuðla að jafnrétti kynjanna**. Þrjár tillögur eru þar lang umfangsmestar. Fyrst er um að ræða hækkun framlags til fæðingarorlofssjóðs sem kemur m.a. til vegna meiri dreifingar á nýtingu fæðingarorlofsréttarins, sérstaklega hjá fedrum. Í öðru lagi er um að ræða aukid fjármagn vegna betri vinnutíma í vaktavinnu á hjúkrunarheimilum. Breyttur vinnutími vaktavinnufólks er talinn stuðla að jafnrétti kynjanna á vinnumarkaði og heimilum auk þess sem vonir standa til að breytingarnar dragi úr álagi í erfiðri umönnunarvinnu sem er að mestu sinnt af konum. Loks er um að ræða styrkingu rekstrargrunns hjúkrunarheimila en niðurskurður í þjónustu hjúkrunarheimila myndi koma verr niður á konum, hvort sem litið er til heimilisfólks, starfsfólks eða aðstandenda.

Þá ber að nefna varanlega aukna fjármögnun aðgerða til að efla rannsókn og saksókn kynferðisbrota, efla forvarnir og þjónustu við þolendur kynferðisbrota í samræmi við áherslur stjórnarsáttmála en konur eru í miklum meirihluta þeirra sem verða fyrir kynferðisbrotum. Fjármögnun á fjölgun liðskiptaaðgerða er einnig talin stuðla að jafnrétti en fleiri konur en karlar þurfa á slíkum aðgerðum að halda. Stytting biðlista eftir þjónustu talmeinafræðinga mun sérstaklega koma til móts við þarfir drengja sem eru um 70% skjólstæðinga þeirra. Loks má nefna að átak til að fjölga nemendum í lögreglumámi er talið líklegt til að stuðla að jafnara kynjahlutfalli meðal lögreglumanna en frá því námið var fært á háskólastig hefur kynjahlutfall nemenda verið nokkuð jafnt.